

STJÓRNARTÍÐINDI A 4 — 1974

28. febrúar 1974.

9

Nr. 5.

L Ö G

um álagningu sérstaks gjalds til að draga úr áhrifum
olíuverðhækkana.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis skal á tímabilinu 1. mars 1974 til 28. febrúar 1975 leggja 1% gjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960, um söluskatt, taka til, og gilda ákvæði þeirra og reglugerða settra samkvæmt þeim að fullu um álagningu og innheimtu þessa gjalds svo og um aðra framkvæmd. Gjald þetta kemur í stað hálfvísu viðlagagjalds, sbr. 1) lið 1. mgr. 8. gr. laga nr. 4/1973, um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey, og skal á sama hátt ekki valda hækkun kaupgreiðsluvísitölu.

2. gr.

Tekjum af gjaldi þessu verður ráðstafað samkvæmt sérstökum lögum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. febrúar 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.